

## **Tillaga um flýtingu frumdraga á leið D í samgöngusáttmála Betri samgangna**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að kallað verði eftir því að vinnu frumdraga fyrir leið D verði flýtt og hafin sem allra fyrst. Tillagan verði send til stjórnar SSH til afgreiðslu.

### **Greinargerð**

Borgarlína er eitt viðfangsmesta verkefnið sem sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins hafa staðið að í sameiningu. Nú hafa frumdrög fyrsta kafla litið dagsins ljós og því mikilvægt að sveitarfélögin öll styðji vel við framkvæmdina og bregðist hratt við þeim aðstæðum sem upp koma hverju sinni. Nú er ljóst að ýmsar framkvæmdir eru á eftir áætlun og því gæti skapast rými til að horfa til annarra liða í sáttmála sem mætti ýta frammar í tímalínu. Frumdrög er fyrsta skref og ekkert því til fyrirstöðu að hefja þá vinnu eins fljótt og auðið er. En til þess þarf að byrja á útboði til að fá ráðgjafa til að vinna vinnuna. Útboðið tekur á bilinu 3-5 mánuði eftir því hversu umfangsmikið það er og hversu hratt Vegagerðin/Betri samgöngur vinna.

Sjálf vinnan við frumdrögin tekur síðan á bilinu 6-9 mánuði að vinna.

Þar sem þessi leið er ekki á dagskrá fyrir en 2027 þá má gera ráð fyrir að gerð frumdraga byrji ekki fyrr en árið 2026. Með því að þrýsta á gerð frumdraga núna árið 2021 eða 2022 er hægt að byrja 4-5 árum fyrr á leið D (gefið að fjármagn fáiist).

Það er vert að vekja athygli á því að það er mikilvægt atriði sem þrýstir á að gera þessi frumdrög sem fyrst og það er að leið D á að stoppa í Hamraborg og mæta leið A (fyrsta lota). Það þýðir að það er nær vonlaust að fara að hanna Hamraborgarstoppistöðina bara fyrir leið A, án þess að vita hvernig leið D á að tengjast. Á Hamraborg að vera stöð á tveimur hæðum eða eiga vagnarnir að hittast uppi á brúnni eins og í dag? Ef þeir eiga að hittast uppi á brúnni þá þarf að breyta öllu skipulagi þar sem tekur líka töluverðan tíma.

Sveitarfélögin þurfa að standa hvert með öðru og vinna þetta eins þétt sama og mögulegt er.

## Almennt um ferlið frá upphafi til enda:

Áður en að Borgarlínuleið getur orðið að veruleika þarf að fara í gegnum eftirfarandi stig/verkbætti:

1. Frumdrög - hérna er konceptinu líst og tillögur að hugmyndinni ásamt rekstri sett fram. Erlendis er þetta stig oft unnið áður en samþykkt er að fara út í verkefnið. Hér heima hefur lenskan meira verið að ákveða að gera eitthvað og greina svo.
2. Forhönnun - hérna er tillagan úr frumdrögum tekin og hönnuð og greind nánar. Á þessu stigi er t.d skoðað hvort loka eigi götum, hver er áhrifin á umferð osfrv. Á þessu stigi þarf að ákveða leiðarkerfi og rekstur á því, gera samning við Strætó. Þegar forhönnun er lokið þá er búið að negla niður og festa ca 95% hvernig kerfið lítur út, bæði framkvæmd og rekstur.
3. Verkhönnun - þetta stig er að mörgu leiti teikningaframleiðsla og útfærsla á síðustu smáatriðum áður en farið er í framkvæmd
4. Framkvæmdir
5. Rekstur

Þegar um er að ræða almenningssamgöngunverkefni (í stað stofnvega) þá hangir til hliðar við þetta allt saman útboð á vögnunum sjálfum sem getur tekið allt upp í 2-3 ár að klára. Sömuleiðis hanga skipulagsmálin einnig við hliðina á þessu öllu.